

FUNDUR Í FRAMKVÆMDARÁÐI HÚNVETNINGS

Miðvikudaginn 2. september 2020, var fundur haldinn í fjarfundakerfinu ZOOM kl. 8:30

Mætt voru:

Frá Húnavatnshreppi: Jón Gíslason og Einar Kristján Jónsson.

Frá Skagaströnd: Halldór G. Ólafsson og Alexandra Jóhannesdóttir.

Frá Blönduósbae: Guðmundur Haukur Jakobsson og Valdimar O. Hermannsson.

Frá Skagabyggð: Dagný Rósa Úlfarsdóttir.

Frá RR ráðgjöf: Róbert Ragnarsson.

Jón Gíslason, formaður nefndarinnar setti fundinn og stýrði dagskrá.

Róbert Ragnarsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Verkefnis- og tímaáætlun

Boðað var til fundar til að ræða dagskrá og skipulag fyrir heimsókn iðnaðar-, nýsköpunar og ferðamálaráðherra sem er áætluð 24. september.

Ráðherra hefur áhuga á að kynna sér nýsköpunartengd málefni svæðisins ásamt gagnaverinu á Blönduósi. Ráðherra áætlað að vera komin ásamt aðstoðarmanni sínum um kl 11:00 og er áætluð heimför síðdegis.

Ákveðið að Framkvæmdaráðið taki á mótí ráðherra. Stefnt að því að hópurinn ferðist saman í rútu á meðan dagskrá stendur.

Róberti falið að kynna drög að dagskrá fyrir ráðherra og heyra hvort hún hefur áhuga á að ferðast í rútu um svæðið, eða fara á eigin bíl.

Stefnt er að því að hópurinn hittist kl. 11 við Þrístapa. Eftirfarandi eru drög að dagskrá.

- Þrístapar. Uppbygging ferðamannastaðar.
 - Ábyrgð: Einar og Jón
- Þingeyrar. Uppbygging ferðamannastaðar.
 - Ábyrgð: Einar og Jón
- Hádegismatur á Húnavöllum. Kynning á orkuvinnslu og flutningskerfinu og umræða um nýsköpunartækifæri.
 - Ábyrgð: Einar og Jón.
- Gagnaverið á Blönduósi.
 - Ábyrgð: Valdimar.
- Vilko. Matvælaframleiðsla
 - Ábyrgð: Jón Gísla
- Textílmíðstöð Íslands og Þekkingasetur á Blönduósi. Nýsköpun í textílvinnslu.
 - Ábyrgð: Halldór og Valdimar
- Kálfshamarsvík. Uppbygging ferðamannastaðar.
 - Ef tími og veður leyfir.
 - Ábyrgð: Dagný
- Biopol. Rannsóknir og nýsköpun.
 - Ábyrgð: Halldór.
- Síðdegissnarl á Skagaströnd.
 - Ábyrgð: Halldór
 - Vörusmiðjan. Smáréttir framleiðenda á staðnum
- Brottför fyrir kl. 18.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 9:00.